



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Skrifstofa borgarstjórnar

### **Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um fundargerð borgarráðs**

Á fundi borgarráðs þann 10. nóvember 2022 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu eftirfarandi fyrirspurn fram á fundi borgarráðs 6. október sl. Af einhverjum ástæðum hefur fyrirspurnin enn ekki skilað sér í þá útgáfu fundargerðarinnar, sem er aðgengileg á netinu. Hins vegar er hún í þeirri útgáfu fundargerðarinnar, sem undirrituð var í lok fundar. Slíkt misræmi vekur undrun og jafnframt þá spurningu hvort fundargerðir borgarráðs séu gefnar út í fleiri en einni útgáfu? Ein útgáfa gildi í ráðhúsinu og sé þar aðgengileg embættismönnum. Önnur útgáfa sé hins vegar sett í fundargerðarkerfi borgarinnar á netinu, þ.e. þeim gagnabanka sem aðgengilegur er fjölmiðlum og almenningi. Þar sem umrædda fyrirspurn er ekki að finna í fundargerð fundarins 6. október, a.m.k. ekki í þeirri útgáfu sem er á netinu, er óhjákvæmilegt að ítreka hana með ósk um að svör berist sem fyrst. Fyrirspurn vegna Amsterdam-ferðar, sem lögð var fram á fundi borgarráðs 6. október: „Nú í vikunni fer borgarstjóri fyrir fjögurra manna sendinefnd borgarinnar á ráðstefnu um nýsköpun í Amsterdam. Óskað er eftir upplýsingum um kostnað borgarinnar vegna ferðarinnar.“

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjórnar og fylgir svar við henni hér á eftir:

1. Um ritun fundargerða ráða og nefnda Reykjavíkurborgar gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga, auglýsing ráðherra um leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna, samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar ásamt verklagsreglum um fundargerðir, verklagsreglur um skjalavistun Reykjavíkurborgar og ákvæði um störf nefnda og ráða í samþykktum allra fagráða.
2. Fundargerðir borgarstjórnar, fagráða, annarra fastanefnda og nefnda, stjórna og ráða á vegum Reykjavíkurborgar skal færa á tölvutækan hátt í fundargerðakerfi Reykjavíkurborgar. Fundargerðir skal jafnframt undirrita og vista með rafrænum hætti og birta á vef Reykjavíkurborg að fundi loknum.
3. Á árinu 2022 var Hlaðan, nýtt skjalavistundarkerfi og fundargerðarkerfi Reykjavíkurborgar innleitt. Fundargerðir eru unnar beint inn í málaskráningu kerfisins með öllum nauðsynlegum upplýsingum þ.m.t. afgreiðslu og öllum bókunum sem fram eiga að koma í fundargerð. Í lok fundar er textaskjal kallað út úr kerfinu, það prentað og undirritað af fundarmönnum. Undirritaða skjalið er frumrit fundargerðar og fer til skjölunar. Eðli málsins samkvæmt er einungis til eitt frumrit til af fundargerð.
4. Endanleg útgáfa fundargerðar er prófarkalesin. Við prófarkalestur fundargerða er ritara heimilt að gera leiðréttingar á augljósum villum s.s. innsláttar-, starfsetningar- og staðreyndavillum. Aðrar breytingar er ekki heimilt að gera eftir að fundi er slitið og fundargerð undirrituð. Að prófarkalestri loknum skal fundarritari birta fundargerðina ásamt fylgiskjölum á vef Reykjavíkurborgar og á sama tíma senda hana til framlagningar í borgarráði/borgarstjórn.



5. Þegar fundargerð er birt á vef Reykjavíkurborgar er um að ræða rafrænt endurrit fundargerðarinnar úr áður nefndu fundargerðarkerfi ásamt prentvænni útgáfu hennar sem er jafnframt endurrit. Ef eitthvað misræmi er á milli þessara endurrita og frumritinu, er það að sjálfsögðu hið undirritaða frumrit sem gildir.
6. Á árinu 2022 var nýr vefur Reykjavíkurborgar einnig tekinn í notkun. Eins og fram kemur á fundargerðarsíðu <https://reykjavik.is/fundargerdir> fór ýmislegt úrskaiðis við yfirfærslu fundargerða yfir á nýja vefinn og er að finna upplýsingar á vefnum um að enn vanti upp á að fundargerðir séu birtar með réttum hætti en bent er á að allar eldri fundargerðir séu enn aðgengilegar á eldri vef borgarinnar.
7. Á árinu 2022 var jafnframt hafist handa við uppfærslu á fundasíðu Reykjavíkurborgar (Saltfisk), þar sem gögn ráða og nefnda eru birt kjörnum fulltrúum þegar fundir hafa verið boðaðir. Stefnt er að því að fundasíðan verði tengd við Hlöðuna innan tíðar en þar til það gerist þurfa starfsmenn borgarráðs auk annarra nefnda og ráða að vinna fundinn bæði í Hlöðunni og á fundasíðuna til að birta rafrænt endurrit fundargerðarinnar.
8. Í upphafi október 2022 fór fram uppfærsla á fundasíðu Reykjavíkurborgar sem fól í sér heildarbreytingu á bakenda síðunnar. Misræmi milli eldra viðmóts og hins nýja gerðu það að verkum að stakir liðir gátu aftengst fundargerðum. Þetta hafði það í för með sér að einn liður úr fundargerð borgarráðs frá 6. október rataði ekki í rafræna birtingu á vef Reykjavíkurborgar. Eftir að ábendingar bárust þann 10. nóvember, m.a. með framlagningu þeirrar fyrirspurnar sem fjallað er um hér, var birting skoðuð og lagfærð strax auk þess sem gerðar voru nauðsynlegar breytingar á uppfærslunni til að koma í veg fyrir að þetta endurtaki sig. Engin önnur dæmi hafa fundist um slíkan galla í birtingu í öðrum fundargerðum sem keyrðar voru í gegnum kerfið á þessum tíma.
9. Umrædda fyrirspurn er að sjálfsögðu að finna í frumriti fundargerðarinnar og hafði galli á birtingu endurrits á vefnum engin áhrif á vinnslu hennar eins og sjá má í 12. lið embættisafgreiðslna skrifstofu borgarstjórnar á næsta fundi borgarráðs 13. október sl. en þá var fyrirspurninni vísað til umsagnar fjármála- og áhættustýringarsviðs sem er enn með málið til meðferðar. Gert er ráð fyrir að svarið verði lagt fram á vettvangi borgarráðs innan tíðar.

Allar nánari upplýsingar veitir undirrituð góðfúslega.

Virðingarfyllst,  
Helga Björk Laxdal  
Skrifstofustjóri borgarstjórnar